

Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 24/1999
frá 26. febrúar 1999

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn
um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var
aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er
nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar
nr. 54/98 frá 3. júní 1998⁽¹⁾.

Rétt er að auka samvinnu samningsaðilanna þannig að hún taki til þeirra hluta sem
varða EES í aðgerðaáætlun um skipti milli stjórnsýslustofnana aðildarríkjanna á
embættismönnum sem eiga að sjá um framkvæmd bandalagslöggja fær sem er
nauðsynleg til þess að innri markaðurinn komist á (ákvörðun ráðsins 92/481/EB⁽²⁾),
eins og henni var breytt með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 889/98/EB
(Karolus-áætlunin)⁽³⁾).

Því ber að breyta bókun 31 við samninginn þannig að þessi aukna samvinna geti hafist
frá 1. janúar 1999.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 30, 4.2.1999, bls. 57 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 6, 4.2.1999, bls. 279.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 286, 1.10.1992, bls. 65.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 126, 28.4.1998, bls. 6.

1. gr.

Eftirfarandi grein bætist við í bókun 31 við samninginn:

„18. gr.

Skipti milli stjórnsýslustofnana á embættismönnum

- „1. EFTA-ríkin skulu frá 1. janúar 1999 taka þátt í þeim hlutum er varða EES í aðgerðaáætlun bandalagsins og áætluninni sem um getur í 4. mgr.
2. EFTA-ríkin skulu leggja fram fé til aðgerðaáætlunar bandalagsins og áætlunarinnar sem um getur í 4. mgr. í samræmi við a-lið 1. mgr. 82. gr. samningsins.
3. EFTA-ríkin skulu frá upphafi samstarfs í aðgerðaáætluninni og áætluninni sem um getur í 4. mgr. taka fullan þátt í nefnd EB sem aðstoðar framkvæmdastjórn EB við stjórnun eða mótnun aðgerðaáætlunarinnar og áætlunarinnar að svo miklu leyti sem nefndinni er falið að fjalla um málefni sem falla undir gildissvið samningsins.
4. Eftirfarandi gerðir bandalagsins svo og gerðir sem af þeim leiða falla undir þessa grein:
 - **392 D 0481:** Ákvörðun ráðsins 92/481/EBE frá 22. september 1992 um samþykkt aðgerðaáætlunar um skipti milli stjórnsýslustofnana aðildarríkjanna á embættismönnum sem eiga að sjá um framkvæmd bandalagslöggjafar sem er nauðsynleg til þess að innri markaðurinn komist á (Stjtið. EB L 286, 1.10. 1992, bls. 65), eins og henni var breytt með:
 - **398 D 0889:** Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 889/98/EB frá 7. apríl 1998 (Stjtið. EB L 126, 28.4.1998, bls. 6).“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 27. febrúar 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

Hún gildir frá 1. janúar 1999.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 26. febrúar 1999.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbato

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner